

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðakerfi lögfræðinnar

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðakerfi lögfræðinnar (50%)
ATH. Prófið er þrískipt: Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%), ábyrgðir (25%), ágríp úr réttarfari (25%).

Prófdagur: 2. nóvember 2013 Kl.: 9:00 til 13:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð ⁴ vegna þessa hluta prófsins, þmt. forsíða):

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGAÐ.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Ritgerð (17,5%)

Í sératkvæði eins dómara í dómi Hæstaréttar 23. apríl 2008 í málinu nr. 366/2007, þar sem deilt var um upplýsingaskyldu á grundvelli upplýsingalaga nr. 50/1996, sagði meðal annars:

„Í úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál, sem um er deilt í málinu, felst að íþyngjandi skylda er lögð á áfrýjendur, þar á meðal Eignarhaldsfélagið Portus hf., sem er einkaréttarlegur aðili. Í þeirri undirstöðureglu íslensks réttar, sem nefnd er lögmætisreglan, felst að íþyngjandi ákvörðun, eins og sú sem hér um ræðir, verður að byggjast á skýrri lagaheimild. Við úrlausn á ágreiningi málsaðila um gildissvið upplýsingalaga reynir fyrst og fremst á skýringu á texta 1. gr. laganna, þar sem kveðið er á um gildissviðið. Í 1. mgr. segir að lögin taki til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Við skýringu á orðinu stjórnsýsla í textanum tel ég að hafa verði í huga þann augljósa tilgang laganna að veita almenningi aðgang að upplýsingum um meðferð á opinberu valdi. Er því eðlilegt að telja orðið vísa til þeirrar starfsemi opinberra aðila sem heyrir undir framkvæmdavaldið samkvæmt þeirri þrískiptingu ríkisvalds sem kveðið er á um í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Falla þá utan þess athafnir opinberra aðila þar sem beitt er einkaréttarlegum heimildum svo sem gert er þegar samið er um húsbyggingar, eins og hér um ræðir. ... Þá tel ég jafnframt að líta megi til 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þar sem 1. mgr. 1. gr. hljóðar orðrétt eins og 1. mgr. 1. gr. upplýsingalaga, og síðan er gefin sú nánari skilgreining í 2. mgr. 1. gr. fyrrnefndu laganna að þau eigi við þegar stjórnvöld taki ákvarðanir um rétt eða skyldu manna. Eru ekki efni að telja ákvæðið í upplýsingalögum hafa annað efnisinntak en þetta fyrst slíkt er ekki tekið fram í lagatextanum sjálfum. ... Þá verður og að hafa í huga að löggjafanum var í lófa lagið að kveða skýrt á um það í texta laganna ef ætlunin var að láta þau gilda um hvers kyns starfsemi ríkis og sveitarfélaga. Það var ekki gert og getur það ekki verið hlutverk dómstóla að gefa lagaákvæðum, sem leggja íþyngjandi skyldur á borgara, rýmri merkingu en þá sem ótvírætt felst í lagatexta. Ekki tjáir að mínu áliti að veita lagatextanum slíka merkingu með því að vísa til svonefndra lögskýringargagna, svo sem athugasemda með frumvarpi til laga eða framsöguræðu á Alþingi. Það er hinn birti lagatexti sem gildir, sbr. 27. gr. stjórnarskrárinnar og verður ekki vikið frá honum með vísan til slíkra gagna.“

Lýsið með eigin orðum þeim lögskýringarsjónarmiðum sem stuðst er við til stuðnings niðurstöðu um lögskýringu í tilvitnuðum texta. Lýsið jafnframt hvaða lögskýringarkenningar og –leiðir virðast undirliggjandi.

Það athugast að þið þurfið ekki að kunna sérstök skil á þessu máli til að svara spurningunni.

2. Ritgerð (17,5%)

Svarið annað hvort spurningu a eða b.

- a) Gerið grein fyrir helstu réttarheimildum íslensks réttar, þ.á m. innbyrðis samspili þeirra. Nefnið dóma og/eða dæmi til stuðnings umfjöllun ykkar.
- b) Gerið grein fyrir kenningum um samspil landsréttar og þjóðaréttar, þ.á m. kenningunum um eineðli og tvíeðli. Fjallið jafnframt um viðfangsefnið með tilliti til EES-samningsins og muninn á EES-rétti og ESB-rétti í þessu tilliti. Nefnið dóma og/eða dæmi til stuðnings umfjöllun ykkar.

3. Tengingar (5%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver rétt tenging vegur 1,25%.
- (ii) Dregið er frá 0,625% fyrir hverja ranga tengingu.
- (iii) Sé látið hjá líða að tengja jafngildir það rangri tengingu.
- (iv) Aðeins einn valmöguleiki í hverri tengingu er réttur.

Meginreglur laga	Lögskýringarsjónarmið og réttarheimild
Lögskýringarleið	Almenn lögskýring
Textaskýring	Rýmkaði lögskýring
Vilji löggjafans	Hugrænar lögskýringarkenningar

4. Krossar (10,0%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Réttarheimildaleg staða ESB-reglna að íslenskum landsrétti er sú sama líkt og ef Ísland væri aðili að Evrópusambandinu.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Venja getur gengið framur settum lögum.

☐ Rétt

☐ Rangt

3. Enginn munur er á réttarheimildalegri stöðu reglugerða og tilskipana að landsrétti ESB-ríkja, ólíkt EES-rétti.

☐ Rétt

☐ Rangt

4. Í reglunni um þingræði felst að ríkisstjórn þarf stuðning meirihluta Alþingis.

☐ Rétt

☐ Rangt

5. Allir handhafar ríkisvalds eru bundnir af stjórnsýslulögum við meðferð opinbers valds.

☐ Rétt

☐ Rangt

6. Ef í dómi segir að „skýra verði lagaákvæði með hliðsjón af eðli málsins“, þá bendir slíkt fremur til þess að eðli máls sé lögskýringarsjónarmið heldur en sú réttarheimild sem niðurstaða er reist á.

☐ Rétt

☐ Rangt

7. Hlutrænar lögskýringarkenningar eru líklegri til að leiða til rýmkandi lögskýringar heldur en huglægar lögskýringarkenningar.

☐ Rétt

☐ Rangt

8. Stjórnvaldsfyrirmæli verða alltaf lögð til grundvallar sem réttarheimild ef heimild er til setningar þeirra í almennum lögum.

☐ Rétt

☐ Rangt

9. Meginreglur laga geta jöfnum höndum verið réttarheimild og lögskýringarsjónarmið.

☐ Rétt

☐ Rangt

10. Þegar almenn málvenja og lagamálvenja rekast á gengur hin fyrirnefnda fyrir.

☐ Rétt

☐ Rangt